

Þróun Íslenskra Kvikmynda

Kári Steinn Helgason



Byrjun og þróun (1915 - 1949)

Það er sagt að kvikmyndagerð á Íslandi byrji þegar danskt tókulið ferðaðist til Íslands til þess að taka upp myndina Sögu Borgarættarinnar. Myndir eins og Breiðafjarðareyjar, Hadda Padda og Det Sovende Hus eru eitt af fyrstu myndunum á Íslandi. Þessar myndir voru ekki í fullri lengd. Þær eru ekki sagðar vera algjörlega fyrstu íslenskar kvikmyndirnar þangað til 1949...




Milli Fjalls og Fjöru

Milli Fjalls og Fjöru er fyrsta íslenska myndin búin til árið 1949. Hún er fyrsta íslenska myndin í fullri lengd og með tali. Myndin fjallar um bændur, sveitalíf og fólk að stela kindum. Myndin var gerð af Lofti Guðmundssyni. Eftir þessa mynd byrjuðu fleiri kvikmyndir að koma frá Íslandi þangað til 1962 þegar þau bara hættu að búa til kvikmyndir í bili.




79 af stöðinni

79 af stöðinni er bíómynd frá árið 1962 og fjallar um Keflavíkurflugvöllinn. Eftir þessa mynd hættu Íslendingar að búa til kvikmyndir í 15 ár vegna framleiðslukostnaðinn og ekki með pening frá ríkinu svo þeir sýndu bara erlendar myndir í bíó, síðan kom líka sjónvarpið.



Morðsaga

Morðsaga er kvikmynd sem kom árið 1977 eftir Reynir Oddsson. Þetta var fyrsta kvikmyndin á Íslandi eftir 15 ár án íslenskra kvikmynda. Myndin fjallar um pabba sem er með hrífst af uppeldisdóttur sinni. Við förum núna til áttunda tugs aldarinna þar sem fullt af íslenskum kvikmyndum komu.



Áttundi áratugurinn

Það komu fullt af myndum árið 1980 - 1989 svo ég ætla að nefna nokkrar myndir, sumar sem ég hef séð og sumar sem ég hef ekki séð.




Land og synir

Sumir segja að þessi mynd hafi sett kvikmyndabransann á fleygiferð. Land og synir kom út árið 1980 og er byggð á bók Indriða G. Þorsteinssonar. Hún fjallar um sveitir í krepputímanum 20. aldar. Leikstjórinn er Ágúst Guðmundsson sem leikstýrði nokkrar myndir á þessu tímabili. Þetta er fyrsta íslenska myndin sem fékk styrk frá ríkinu.



Útlaginn

Útlaginn kom árið 1981 og er byggð á Gíslasögu Súrsonar. Ég sá hana ekki en nemendurnir sáu hana. Nökkva og Aroni fannst myndin vera snilld.



Jón Oddur og Jón Bjarni

Jón Oddur og Jón Bjarni er kvikmynd frá 1981 og fjallar um tvíburana Jón Odd og Jón Bjarna sem eiga heima í Reykjavík. Þessi mynd er ein af frægustu barnamyndunum á landinu.



Með allt á hreinu.

Með allt á hreinu fjallar um hljómsveitirnar Stuðmenn og Gærurnar að gera fullt af hlutum. Myndin kom út árið 1982 og er klassík á Íslandi. Frændi minn Palli birtist í henni, hann var leikstjóri og bjó til heimildarmyndir. Á eftir Með allt á hreinu komu tvær framhaldsmyndir sem hétu Hvítir Mávar og kom árið 1985 og Í tak við tíman sem kom út árið 2004. Bjössi fannst þeim glataðar.



Hrafninn flýgur

Hrafninn flýgur er íslensk-sænsk víkingamynd frá árið 1984. Myndin fjallar um írskan mann sem fer aftur til Íslands til að hefna sín á morðingja foreldra sinna. Þessi mynd var kölluð ekta víkingamynd á sínum tíma. Leikstjórinn er Hrafn Gunnlaugsson. Hún fékk tvær framhaldsmyndir. Í skugga hrafnsins og Hvíti víkingurinn.



Nýtt líf, Dalalíf og Löggulíf

Þessar þrjár myndir eru grínmyndir um Daníel og Þór að reyna finna sér vinnu. Þeir fara til Eyja í fisk (Nýtt líf), fara upp á sveit (Dalalíf) og fara til lögreglunnar (Löggulíf). Þessar myndir eru allar klassík og eru leikstýrðar af Þránni Bertelssyni. Það var gerð fjórða myndin 1995 en hún er ekkert sérstök.



Stella í orlofi

Stella í orlofi er gamanmynd sem kom út árið 1986. Hún fjallar um Stellu sem lendir í allskonar vitleysu með sænska félaganum sínum Salomon. Þessi mynd er algjör klassík fyrir marga.




Níundi áratugurinn

Það komu líka fullt af myndum í 1990 - 1999, hér eru nokkrar.



Börn Náttúrunnar

Börn Náttúrunnar kom út árið 1991 og fjallar um tvo gamla vini og vinkonu sem strjúka af elliheimilinu. Leikstjórinn er Friðrik Þór Friðriksson sem leikstýrði nokkrum vinsælum myndum á landinu. Þetta er fyrsta íslenska kvikmynda sem hefur verið tilnefnd Óskarsverðlauna í floknum besta erlenda kvikmyndin árið 1992.




Veggfóður

Veggfóður er eitthver ástarsaga sem fjallar um tvo menn að reyna að ná sér í konu. Leikstjórinn er Júlíus Kemp og hún kom árið 1992. Ég held að hún sé mjög skrítin.




Sódóma Reykjavík

Sódóma Reykjavík er mynd sem kom árið 1992. Hún fjallar um mann sem reynir að finna fjarstýringu fyrir mömmu sína en lendir í allskonar rugli. Þetta er mjög steikt en góð mynd með góð lög og svoleiðis. Leikstjórinn er Óskar Jónasson.



Benjamín Dúfa

Þessi mynd er byggð á bók Friðriks Erlingssonar sem kom út árið 1995. Hún fjallar um 4 drengi sem búa til riddaralið í hverfinu sínu. Leikstjóri er Gísli Snær Erlingsson (kannski bróðir Friðriks). Sá þessa mynd þegar ég var í 6. bekk, góð mynd.




Djöflaeyjan

Djöflaeyjan er byggð á bók Einars Kárasonar sem kom út árið 1996. Hún fjallar um lífið eftir seinni heimstyrjöldinna í Reykjavík. Þessi mynd er mjög góð en bókin er betri.



Ungfrúin góða og húsið

Hún er byggð á sögu Halldórs Laxness og kom út árið 1999. Hún fjallar um konu sem kemur aftur til Íslands og lendir í einhverju vandamáli með fjölskyldu sína. Ekkert mikið að segja um þessa mynd nema að þetta var fyrsta myndin sem vann fyrstu Edduverðlaunina.




Myndir á 20. öld.

Og að lokun voru fullt af myndum á 20. öldinna. Hér eru nokkrar.




Englar alheimsins

Þessi mynd er byggð á bók Einars Más Guðmundssonar sem kom út árið 2000. Hún fjallar um mann sem verður geðveikur og hittir nokkra geðsjúklinga líka. Sá hana ekki en margir segja að hún sé góð.



Íslenski draumurinn

Þessi mynd kom út líka árið 2000 og fjallar um fótboltaaðdáendann Tóta sem selur sígarettur frá Búlgaríu að nafni Ópal. Þessi mynd er bara góð sko.



Mýrin

Mýrin er byggð á bók Arnalds Indriðassonar og fjallar um glæpa mál þar sem Erlendur rannsakar. Þessi mynd er mjög góð og Ingvar er góður leikari.



Astrópía

Astrópía kom út árið 2007 og fjallar um konu sem fær sér vinnu í nördabúðinni Astrópiu þegar kærasti hennar er í fangelsi. Þetta er mjög góð mynd.




Algjör Sveppa myndirnar

Algjör Sveppa myndirnar eru bíómyndir byggðar á Algjör Sveppa þáttunum. Allar myndirnar fjalla um Sveppa, Villa og Góa að leysa einhver vandamál. Leikstjórinn er Bragi Þór Hinriksson. Fyrsta myndin er besta myndin.



Bjarnfreðarson

Bjarnfreðarson er byggð á Vaktaseríunni og er endirinn á seríunni. Hún fjallar um æsku Georgs og eftir seinustu atburðunum frá Fangavaktinni. Myndin er mjög góð sko.



Djúpið

Djúpið fjallar um Helliseyjaslysið og Guðlaugssundið. Ólafur Darri leikur Guðlaug. Leikstjóri er Baltasar Kormákur. Þetta er mjög góð mynd. Þetta er síðasta myndin sem ég mun nefna af því ég nenn ekki nefna of margar.



Hvernig þróaðist þetta allt?

Við skulum bara byrja með að fyrst kom litur í myndunum og svo betri gæði. Það kom litasjónvarp á Íslandi um 1970 samkvæmt ömmu. Til að byrja með voru myndirnar um tröll, galdramenn og svoleiðis. Hægt er að segja að eftir 79 á stöðinni þegar það komu engar myndir og það voru bara sýndar erlendar myndir fengu kannski Íslendingar bara áhrif frá þeim og byrjuðu að búa til myndir um glæpi í Reykjavík og myndir sem gerast í nútímanum. Mér finnst kannski nútíma myndirnar betri út af leikurunum og að ég ólst upp meira með þeim og kannast meira við þá.



Loftur Guðmundsson

Hann Loftur var mikið í kvikmyndabransanum á Íslandi þegar bransinn byrjaði. Eftir Milli Fjalls og Fjöru bjó hann til loka kvikmyndina sína Niðursetninguna árið 1951. Einu ári eftir þegar myndin kom út dó hann. Hann stofnaði líka með Friðriki Friðrikssyni knattspyrnufélagið Val og var líka fyrsti formaður Vals.



Ágúst Guðmundsson

Ágúst byrjaði aftur bíóbransann árið 1980 með myndina Land og Synir. Hann var dálítið í áttunda áratugnum með myndirnar Útlaginn, Með allt á hreinu, Gullsandur og sjónvarpsþáttaröðina Nonni und Manni.



Friðrik Þór Friðriksson

Hann Friðrik byrjaði ferilinn sinn með nokkrar stuttmyndir en bjó svo til heimildarmyndina Rokk í Reykjavík árið 1982. Hann fór svo á fleygiferð á níunda áratugnum með Börn Náttúrurnnar og Djöflaeyjuna. Líka með Engla Alheimsins í byrjun 20. aldarinnar.



Baltasar Kormákur

Baltasar Kormákur er einn frægasti leikstjóri frá Ísland. Hann byrjaði fyrst að leika í myndum í 90s eins og Badda í Djöflaeyjunni. Hann leikstýrði svo myndum eins og Djúpið, Mýrin og meira segja Hollywood myndum eins og Everest, 2 Guns og Contraband. Sonur hans Baltasar Breki Samper er líka leikari og hjálpaði pabba sínum að gera myndirnar hans. Hann er eigandi RVK Studios.



Ragnar Bragason

Ragnar byrjaði með tveimur myndum og vann hjá Fóstbræðrum með seríu 5. Hann fór svo að vinna með þætti og bjó til Vaktaseríuna sem eru eitt af frægustu seríum á Íslandi. Hann bjó líka til Málmhaus og Bjarnfreðarsson sem eru góðar myndir.



Sigurður Sigurjónsson

Sigurður lauk náminu sínu árið 1976 frá Leiklistarskóla Íslands og hefur leikið í fullt af hlutverkum, vinsælust eru Spaugstofan og Svampur Sveinsson. Hann hefur leikstýrt myndum og leikið í leikritum.



Laddi

Laddi er einn frægasti grínleikari á landinu. Hann hefur leikið síðan 70s og hefur gert raddir fyrir fullt af teiknimyndum. Hann er líka tónlistarmaður og hefur verið það líka síðan 70s. Sonur hans Þórhallur er líka grínisti eins og pabbi sinn.



Ingvar Eggert Sigurðsson

Ingvar kláraði Leiklistarskólan árið 1990 og hefur verið í fullt af hlutverkum. Frægustu hlutverkin hans eru í Englar Alheimsins, Mýrin, Djöflaeyjan og Ófærð. Sonur hans Áslákur er líka leikari.




Jón Gnarr

Jón Gnarr er líka einn frægasti grínisti á landinu. Hann var fyrst í Fóstbræðrum árið 1997 til 2001. Eftir það var hann í Svínasúpunni og Vaktaseríunum sem Georg Bjarnfreðarson. Hann var einu sinni kallaður Jónsi Pönk því hann var í pönk hljómsveitinni Crass. Hann hefur líka verið borgarstjóri Reykjavíkur.




Ólafur Darri Ólafsson

Ólafur Darri er líklega einn af frægustu leikurum á Íslandi því hann hefur verið í mörgum Hollywood myndum til að nefna eins og Contraband og BFG. Hann var í Djúpið og er mest þekktur fyrir Ófærð.



Viðtal

Ég tók viðtal við hann Harald Ara Karlsson, hér er viðtalið.



Heimildir

Ég fékk þetta allt frá Kvikmyndir.is, Kvikmyndavefinn og Wikipedia. Það var ekkert um þetta allt svo ég notaði eins mikið og ég fann.

<https://www.kvikmyndavefurinn.is/films-list/gm/genre/movie/>

https://is.wikipedia.org/wiki/Kvikmyndagerð_á_Íslandi https://is.wikipedia.org/wiki/Listi_vfir_%C3%ADslenskar_kvikmyndir

Leikstjórnarnir, leikararnir og kvikmyndirnar komu líka frá Wikipedia, Kvikmyndavefinn og Kvikmyndir.is. Hér er nálægast sem ég gat fundið sem heimildarskrá.

- Arnaldur Indriðasson, „Stofnun og saga kvikmyndafyrirtækisins Edda-film“, í *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík, Forlagið, 1999 (s. 886-893).
- Bergsteinn Sigurðsson, „Þegar kvikmyndin komst á legg - upphaf íslenska kvikmyndavorsins“. Sótt 15. apríl 2007.
- Eggert Þór Bernharðsson, „Ísland – „Land kvikmyndanna“?: Kvikmyndaleiðangrar útlendinga á Íslandi á öndverðri 20. öld“. Sótt 2. febrúar 2007.
- Eggert Þór Bernharðsson, „Landnám lifandi mynda: Úr sögu kvikmyndanna á Íslandi til 1930“. Sótt 2. febrúar 2007.
- Erlendur Sveinsson, „Árin tólf fyrir daga Sjónvarps og Kvikmyndasjóðs“, í *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík, Forlagið, 1999 (s. 868-873).
- Oddný Sen, „Sjónvarpsbyltingin á Íslandi og áhrif hennar á íslenska kvikmyndagerð fram til 1979“, í *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík, Forlagið, 1999 (s. 927-936).